

# Fornleifarannsókn á tveimur minjum við Byrgi í landi Tjarnar á Vatnsnesi



Unnið fyrir Vegagerðina

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr.14-18  
Júní 2018

 <b>NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA</b>		<b>Dagsetning mán/ár:</b> 6.6.2018
<b>Skýrsla nr:</b> NV nr. 14-18	<b>Verknúmer:</b> 508	<b>Dreifing:</b> <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
<b>Heiti skýrslu:</b> Fornleifarannsókn á tveimur minjum við Byrgi í landi Tjarnar á Vatnsnesi		<b>Blaðsíður:</b> 8
<b>Höfundur:</b> Margrét Hrönn Hallmundóttir		<b>Upplag:</b> 5
<b>Verkefnisstjóri:</b>		<b>Fjöldi korta:</b>
		<b>Gerð skýrslu/Verkstig:</b>
		<b>Unnið fyrir:</b> Vegagerðina
<b>ÚTDRÁTTUR</b>  Fornleifarannsókn var gerð á tveimur minjum í landi Tjarnar á Vatnsnesi. Rannsóknin var gerð vegna fyrirhugaðrar efnistöku á svæðinu. Rannsókn leiddi í ljós að um var að ræða smalaskála eða byrgi annarsvegar og hinsvegar hrunda vörðu.		
<b>Lykilorð íslensk:</b> Fornleifauppgröftur. Framkvæmdir.		<b>Lykilorð ensk:</b> Excavation
<b>Undirskrift verkefnastjóra:</b>  <b>Margrét Hallmundsdóttir</b>		<b>Yfirfarið af:</b> Nancy Bechtloff

**EFNISYFIRLIT**

ÚTDRÁTTUR.....	1
1. INNGANGUR.....	3
2. AÐFERÐAFRÆÐI.....	3
3. FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ.....	3
3.1 Staðhættir.....	4
4. FRAMKVÆMDIN.....	5
4.1 Rúst A.....	5
4.2 Einingaskrá.....	7
4.3 Rúst B.....	7
5. NIÐURSTAÐA.....	8

## 1. INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðarinnar gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifarannsókn á tveimur minjum við Byrgi í landi Tjarna á Vatnsnesi. Vegagerðin fyrirhugar að nota svæðið sem námu. Við vettvangskönnun minjavarðar Norðurlands vestra fundust minjar sem gerð var krafa um að rannsakaðar yrðu nánar. Í dymbilviku 2018 hófst rannsókn á tveimur steinhleðslum sem voru manngerðar. Vegna þess að mikið frost var í jörðu var ekki lokið við rannsóknina og þess beiðið að frost færi úr jörðu. Seinni hluti rannsóknarinnar fór fram þann 28. maí 2018. Rannsókninni stjórnaði Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur og með henni störfuðu Guðrún Jóna Þráinsdóttir fornleifafræðingur og Dr. Guðný Zoëga fornleifafræðingur. Myndir úr dróna voru teknar af Guðmundi Stefáni Sigurðsyni og birtar með hans leyfi.

## 2. AÐFERÐAFRÆÐI

Minjarnar voru fyrst mældar upp með Trimble Juno 5. Við uppgröftinn var notast við Singel Context uppgraftartækni þar sem jarðlög eru grafin upp í öfugri tímaröð og þau skráð, mynduð og teiknuð.

## 3. FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

Framkvæmdasvæðið er í landi Tjarnar á svæði sem heitir Byrgjamelur og er hann nærri rústum sem kallast Byrgi. Rústirnar standa í hvammi sem heitir Byrgjahvammur alveg við Katadalsá en ofan við ána og hvamminn tekur umræddur Byrgismelur við. Þar fundust nokkrar manngerðar hleðslur og voru tvær þeirra innan fyrirhugaðs námasvæðis Vegagerðarinnar.

Önnur hleðslan var á Byrgismel en hin var á nyrst á syðri Tjarnarmel rétt við ána þar sem Hundafoss er.



*Mynd 1. Séð yfir rannsóknarsvæðið, rústin er fyrir miðri mynd.*

*Ljósmynd: Guðmundur Stefán Sigurðsson.*

### 3.1 Staðhættir

Melurinn er að mestu ógróinn nema þar sem rústin sem grafið var í var. Í kring um rústina var lynggróður sem náði í hring u.þ.b. 2 metra út frá rústinni. Á Herforingjaráðskortum er Byrgi merkt sem eyðibýli og í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo „Byrgistopter hefur aldrei býli verið, en þó eins manns húsmenska um eitt ár alleina í fjárhússtæði staðarhaldarans, og fylgdi því engin grasnyt, nema sú ein, er staðarhaldarinn af sinni venjulegu heimagrasnautn, slægjum og töðum, lagði hjer til; mætti hjer að vísu byggð gjöra en þó ekki nema til meins og skaða heimastaðnum. — Hvað húsaleiga var er óvíst. — Alt það er fóðrast kunni, er áður talið með heimastaðarins fóðrapeníngi.<sup>1</sup>“ Ljóst er að þessaro frásögn að einhver hafðist við í fjárhúsum staðarhaldarans á Tjörn í byrjun 18. aldar. Mögulega er um gamalt býli að ræða.



Mynd 2. Rústir nærri rannsóknarsvæði kallast Byrgi og voru fjárhús frá Tjörn og þar var einnig búseta um tíma. Ljósmynd: Guðmundur Stefán Sigurðsson.

<sup>1</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.

## 4. FRAMKVÆMDIN

### 4.1 Rúst A

Rannsóknin hófst þann 25.03.2018. Byrjað var á rúst sem staðsett er á Byrgjamel en þar var grjóthrúga og var lyng allt í kring um 2 metra út frá hrúgunni sem var greinilega manngerð þar sem safnað hafði verið saman stærstu steinunum á melnum. Steinahrúgan var teiknuð og ljósmynduð og síðan var hafist handa við að fjarlægja hrúguna. Þá kom í ljós hleðsla sem var ílöng um það bil 2,2 m á lengd og um 1,5 m á breidd og virtist vera dropalaga með engan sýnilegan inngang. Þegar þarna var komið við sögu var ekki hægt að grafa meira því jarðvegur var frosinn og var því rannsókn frestað þar til frost væri farið úr jörðu. Var búið vel um rústina með jarðvegsdúk, plasti og vörubrettum vegna þess að þessi steinsetning minnti óneitanlega á kuml úr heiðnum sið. Ákveðið var í samráði við minjavörð Norðurlands vestra að fresta frekari rannsóknum fram á vorið. Þann 29.05.2018 var aftur farið á svæðið og með í för var Dr. Guðný Zoëga mannabeinafræðingur frá Byggðasafni Skagfirðinga. Frost var farið úr jörðu og því ekkert því til fyrirstöðu að hefja rannsóknina að nýju. Næsta lag á eftir þeim steinum [101] sem voru ofan á rústinni [102] var torflag [103] sem fyllti rústina að innan. Greinilegt var að rústin hefur verið úr torfi og grjóti sem höfðu fallið inn í rústina. Undir torfinu var náttúrlegt sandlag [104] sem var alveg óhreif. Grafið var dýpra með skóflu til að ná fram fullvissu að ekki væri um að ræða kuml. Reyndist um að vera lítið hús eða byrgi. Mögulega var um að ræða smalaskýli.




Mynd 3. Rústin sem kom í ljós við rannsókn. Ljósmynd: Guðmundur Stefán Sigurðsson.



Mynd 4. Torf úr veggjum inn í rústinni. Ljósmynd: MHH.



Mynd 5. Sandlag sem var undir torflagi. Ljósmynd: MHH.



Teikning 1. Teikning af rústinni. Teikning: MHH.

## 4.2 Einingaskrá

101	Grjót sem lá í hrúgu yfir rústinni
102	Dropalaga steinhleðsla
103	Torflag úr veggnum rústarinnar
104	Sandlag undir torfi

## 4.3 Rúst B

Síðar var farið að minni steinahrúgu sem var staðsett nokkuð frá á syðri bakka Katadalsár þar sem heitir Syðri Tjarnarmelur. Eftir að steinar höfðu verið teiknaðir og ljósmyndaðir voru þeir fjarlægðir og kom í ljós að um var að ræða vörðu.



Mynd 6: Varðan fyrir rannsókn. Ljósmynd. MHH.



Mynd 7: Varðan við rannsókn. Ljósmynd. MHH.





Mynd 8: Varðan við rannsókn. Ljósmynd: MHH.

## 5. NIÐURSTAÐA

Niðurstöður rannsóknarinnar voru að þessar tvær steinhúgur á Syðri Tjarnarmel og Byrgjamel voru annarsvegar byrgi eða smalakofi og hinsvegar hrunin varða. Báðar minjar hafa verið teiknaðar upp og mældar og hafa ekki mjög hátt minjagildi sem slíkar og teljast full rannsakaðar. Utan þess svæðis sem fer undir námu eru hinsvegar minjar sem gæta verður að, þar á árbakkanum eru fleiri steinsetningar og rústir af fjárhúsum frá Tjörn sem kallast Byrgi og var dvalarstaður a.m.k á 18. öld þegar maður bjó þar. Mögulega hefur einhverntíma áður verið búið í Byrgi. Gæta verður að þessum minjum við efnistöku á Byrgjamel og við Byrgi og halda efnistöku aðeins innan áætlaðs framkvæmdasvæðis. Komi minjar óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær og tilkynna til Minjastofnunar.